

2. vottorð Jóns Geirssonar lækni, dags. 27. febrúar 1946,
3. vottorð dr. Bjarna Jónssonar lækni, dags. 27. september 1953.

Með því að æskilegt er, að fyrir liggi sem gleggst vitneskja um heilsufar áfrýjanda, er hann lét af störfum hjá Rafmagnsveitu Akureyrar hinn 1. maí 1945, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að leggja vottorð þessi fyrir Læknaráð og æskja umsagnar þess um, hvort af þeim megi ráða, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum framangreindan dag, verið haldinn svo varanlegri fótaveiki, að honum hafi verið um megn að gegna innheimtumannsstörfum með þeim göngum, sem ætla má, að slíku starfi séu samfara, enn fremur, hvort ætla megi, að ráðin verði bót á fótameini hans, þannig að hann verði fær um að stunda áðurgreint starf.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 13. október 1954.

Nr. 3/1954. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)
 gegn
 Guðmundi Helga Sigfússyni
 og
 Hauki Ólafssyni (Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Lárusson og Theodór B. Líndal.

Brot á lögum nr. 70/1947, lögum nr. 33/1935 og lögum nr. 63/1937 o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Guðmundur Helgi hafði að vísu ekki aflað sér gjald-eyris- og innflutningsleyfa fyrir sementi því og kolum, sem í málinu greinir, en þar sem í ljós er leitt, að yfirvöld höfðu

látið það viðgangast, að menn flyttu slíkar vörur til landsins án leyfa, þykir það afsakanlegt, að ákærði taldi verknað sinn ekki réttarbrot. Er því rétt, að refsing ákærða Guðmundar Helga fyrir nefndan innflutning falli niður, sbr. 74. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði Guðmundur Helgi aðstoðaði við innflutning á vatnspípum, píputenglum og skipsskrúfu með því að leggja fram gjaldeyri til greiðslu á þeim. Varða þeir verknaðir hans við þau refsíákvæði, sem héraðsdómari hefur heimfært þá undir, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Öðrum verknuðum, sem ákærði Guðmundur Helgi er saksóttur fyrir, er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og eru þeir þar réttilega heimfærðir undir refsilög. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Guðmundar Helga, þó svo, að greiðslufrestur sektar sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Hins vegar brestur heimild í 69. gr. laga nr. 19/1940 til að gera upptæka muni þá, sem í héraðsdómi greinir, og ber því að fella upptökuákvæði dómsins úr gildi.

Verknuðum ákærða Hauks er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og eru þeir þar réttilega heimfærðir undir refsíákvæði. Þykir refsing ákærða Hauks hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 14 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors, greiði ákærði Guðmundur Helgi að $\frac{1}{10}$ hlutum, en ákærði Haukur að $\frac{1}{10}$ hluta.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Guðmundar Helga Sigfússonar á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Ólafsson greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna er úr gildi felld.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einaras Ásmundssonar hestaréttarlögmanns og Vilhjálms Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000,00 til hvors, ákærði Guðmundur Helgi Sigfússon að $\frac{1}{10}$ hlutum, en ákærði Haukur Ólafsson að $\frac{1}{10}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 25. júlí 1953.

Ár 1953, laugardaginn 25. júlí, var í sakadómi Neskaupstaðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Ákærðu eru Guðmundur Helgi Sigfússon verzlunarstjóri, Nesgötu 5 hér í bæ, og Haukur Ólafsson skipstjóri, Bergþórshvoli hér í bæ. Samkvæmt ákæruskjalinu er málið höfðað, að því er ákærða Guðmund Helga varðar, fyrir:

1. Að láta Goðaborg h/f, Neskaupstað, flytja inn með m/s Goðaborg, NK. 1, er kom til Neskaupstaðar 9. marz 1949 frá Aberdeen í Skotlandi, rúmlega 81 tonn af sementi án þess að hafa fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því.

2. Að láta sama félag flytja inn með sama skipi, er kom til Neskaupstaðar 22. marz 1949 frá Aberdeen, rúm 60 tonn af kolum og 15 heimilishrærivélar án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum.

3. Að láta Goðaborg h/f eða verzlun Sigfúsar Sveinssonar, Neskaupstað, flytja inn með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 9. maí 1949, rúm 60 tonn af sementi, 5 tonn af þakjárn, 3 tonn af fernisolíu, ca. 80 m af vélarreimum, 78 öskjur af reimplásum, 10 sekki af eldföstum leir, 7 tylftir af penslum, 3 balla af vinnuvettlingum og 20 rúllur af tjörupappa án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum. Sumt af vörum var flutt inn af Goðaborg h/f, en sumt af verzlun Sigfúsar Sveinssonar, en ákærði fór með framkvæmdarstjórn beggja þessara fyrirtækja.

4. Að láta sömu fyrirtæki flytja inn með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 28. maí 1949, rúm 60 tonn af sementi, ca. 88 poka af koxi, 10 þvottavélar, 1 poka af rörtenglum (fittings), 10 vatnsrör, 8 kúta vítissóða, 1 skipsskrúfu, ca. 150 kg málningarefni, 1 þvottavask, 17 tylftir vatnsfötur og 11 kassa stormluktir án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum.

Framangreind brot ákærða Guðmundar Helga þykja varða við lög nr. 70/1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, 11. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., og reglugerð um sama efni, nr. 82/1947, 21. gr., 1. mgr., 22. gr. og 24. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr.

5. Að ráðstafa á ólögmaetan hátt erlendum gjaldeyri (sterlingspundum), andvirði ísfisks, er m/s Goðaborg seldi í Aberdeen 5. marz, 18. marz, 4. maí og 23. maí 1949, til kaupa á framangreindum vörum, en þetta brot ákærða varðar við lög nr. 70/1947, 13. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., og reglugerð nr. 82/1947, 25. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 7. mgr., 28. gr., 1. mgr., sbr. 39. gr., 2. mgr.

6. Að vanrækja að senda gjaldeyrisrískstofu bankanna skilagrein yfir ísfiskssölur m/s Goðaborgar í Aberdeen 4. maí og 23. maí 1949, en þetta brot þykir varða við reglugerð nr. 82/1947, 29. gr., 5. mgr., sbr. 39. gr., 2. mgr.

Að því er ákærða Hauk Ólafsson varðar, er málið höfðað fyrir:

1. Að flytja inn ólöglega 5 flöskur af áfengi (whisky) með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 9. marz 1949 frá Aberdeen, en þetta brot ákærða þykir varða við áfengislög, nr. 33/1935, 2. gr., 3. gr., 1. mgr., sbr. 27. gr. og 28. gr.

2. Að vanrækja að færa á farmskrá allar framangreindar vörur, er fluttar voru með m/s Goðaborg í nefndum 4 ferðum, aðrar en kol og sement, en þetta brot ákærða þykir varða við lög um tollheimtu og tollaftirlit, nr. 63/1937, 22. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1. mgr., og 5. gr., sbr. 40. gr., reglugerð nr. 123/1938, 29. gr., 1. mgr., 3. mgr. og 5. mgr., sbr. 93. gr.

Þess er krafizt í ákæruskjali, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar og að dæmdar verði upptækar ríkissjóði til handa 10 heimilisþvottavélar og 1 heimilishrærivél samkvæmt heimild 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Guðmundur Helgi fæddur 25. ágúst 1909 í Neskaupstað og ákærði Haukur fæddur 18. febrúar 1917 í Vestmannaeyjum.

Hinn 10. nóvember 1941 var ákærði Guðmundur Helgi sektaður með réttarsátt um kr. 50,00 fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur, og hinn 4. október 1946 sætti hann áminningu fyrir brot gegn reglum um tollmeðferð vara.

Hinn 4. október 1945 var ákærði Haukur sektaður með réttarsátt um kr. 25,00 fyrir ölvun á almannafæri.

Að öðru leyti hafa ákærðu ekki sætt ákæru, svo að kunnugt sé, fyrr en í máli þessu né heldur refsingu.

Að áliðnum vetri og um vorið 1949 fór m/s Goðaborg, NK. 1, fjórar ferðir til Aberdeen í Skotlandi með ísfisk, sem þar var seldur. Skipið var á þessum tíma eign Goðaborgar h/f í Neskaupstað, og voru fískisöluferðir þessar farnar fyrir reikning félagsins, en framkvæmdarstjóri þess var ákærði Guðmundur Helgi. Jafnframt var

hann framkvæmdarstjóri Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar í Neskaupstað. Skipstjóri á m/s Goðaborg, NK. 1, í þessum ferðum var ákærði Haukur, en hinu verzlunarlega í ferðunum stjórnaði ákærði Guðmundur Helgi, að sumu leyti með aðstoð umboðsmanns síns í Aberdeen, bæði kaupum og sölu fiskisins, ráðstöfun þess erlenda gjaldeyris, sem fyrir fiskinn fékkst, og kaupum og innflutningi þess varnings, sem fluttur var hingað til lands með skipinu í ferðum þessum.

Í fyrstu ferðinni kom skipið til Aberdeen 4. marz, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.917-8-6 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 6. marz og komið til Neskaupstaðar 9. marz. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmlega 81 smálest af sementi.

Í annarri ferðinni kom skipið til Aberdeen 16. marz, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.653-19-4 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 17. marz og komið til Neskaupstaðar 22. marz. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af kolum. Auk þess voru þá m. a. með skipinu 15 heimilishrærivélar.

Í þriðju ferðinni kom skipið til Aberdeen 3. maí, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.494-0-0 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 5. maí og komið til Neskaupstaðar 9. maí. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af sementi og auk þess m. a. 5 smálestir af þakjárnri, 4 tunnur fernisolía, 4 eða 5 þakkar vélarreimar og reimplásar, 10 sekkir eldfastur leir, 10 tylftir af penslum, 3 „ballar“ af vinnuvettlingum og 20 „rúllur“ af tjörupappa.

Í fjórðu ferðinni kom skipið til Aberdeen 22. maí, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 2.993-12-5 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 24. maí og komið til Neskaupstaðar 28. maí. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af sementi og auk þess m. a. 100 þokar af koksi, 10 þvottavélar, 1 þoki af rörtengum, 10 vatnsrör, 10 kútar af vítissóða, 1 skipsskrúfa, um 450 kg málningarefni, 1 þvottavaskur, 20 tylftir vatnsfötur og 11 kassar stormluktir.

Goðaborg h/f var innflytjandi allra þessara vara nema þakjárnsins, vinnuvettlinganna, þvottavélanna, skipsskrúfunnar, málningarfnisins og stormluktanna. Innflytjandi þeirra var Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.

Sökum þess, að ákærði Guðmundur Helgi hefur haldið því fram, að nokkuð af framangreindum vörum hafi verið skipsnauðsynjar m/s Goðaborgar, kvaddi dómurinn tvo menn, kunna útgerð, þá Óskar Sigfinnsson, skipstjóra og vélstjóra, Bergþórshvoli inuri, og Ölver Guðmundsson, útgerðarmann og fyrrverandi skipstjóra, Þórs-mörk, til að láta dóminum í té álit sitt á því, hvað framantalinna vara geti talizt eðlilegar nauðsynjar skipsins. Auk nokkurra vörutegunda, sem fluttar voru til Neskaupstaðar í áðurnefndum ferðum og eigi er getið í ákæruskjali og því eigi taldar hér að framan, telja þeir, að með tilliti til innkaupa til skipsins til eins árs með nokkurri

óvissu um veiðiaðferðir sé þetta af framangreindum vörum ekki ónauðsynlegt til skipsins:

1 tunna fernisolía, 100—120 metrar vélarreimar, 30 öskjur reim-lásar, 30 penslar, 2 kútar vítissóði, 250—300 kg málningarefni, 3 tylftir vatnsfötur, 12 pokar koks.

Sé þetta magn, sem dómurinn vefengir ekki, að sé sanngjarnlega áætlað af hinum dómkvöddu mönnum, dregið frá því, sem inn var flutt, verða eftir þær vörur, sem á ákæruskjalinu eru taldar, að því undanteknu, að smávegis ósamræmis gætir um penslana.

Við komu skipsins til Neskaupstaðar skilaði ákærði Haukur toll-yfirvöldum þar farmskrám um kolin og sementið, en eigi voru aðrar vörur á þær skrár færðar. Hefur ákærði Haukur gert þá grein fyrir þessu, að hann hafi í raun og veru ekki talið aðrar vörur til farms en kol og sement. Kolin og sementið hafi verið aðalfarmurinn, og ekkert farmgjald hafi að sínu áliti verið greitt fyrir aukavarninginn. Þegar skipið kom til Neskaupstaðar úr þriðju ferðinni, færði bæjar-fógetinn þar þakjárníð á farmskráreyðublað til að bæta að nokkru úr vanrækslu ákærða Hauks að þessu leyti, og þegar skipið kom til Neskaupstaðar úr fjórðu ferðinni, færði tollvörðurinn þar framan-talinn aukavarning, sem skipið var þá með, á farmskráreyðublað.

Eigi gerði ákærði Guðmundur Helgi neinar ráðstafanir til öflunar innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vörum þeim, sem fluttar voru hingað til lands með skipinu samkvæmt framansögðu, fyrr en vörurnar voru keyptar og komnar hingað til lands. Þungavaran, kolin og sementið, var tollafgreidd að sumu leyti, bráðlega eftir að hún hafði verið flutt inn, en hið síðasta í nóvember 1949, og verður ekki séð, að neinar athugasemdir hafi þá verið gerðar af tollýfirvalda hálfu um skort fullnægjandi innflutningsheimilda.

Hrærivélunum að einni undantekinni ráðstafaði ákærði Guðmundur Helgi ýmist með sölu eða án endurgjalds, áður en rann-sókn máls þessa hófst og án þess að aflað hefði verið fyrir þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, og enn fremur virðist sami ákærði hafa notað eða ráðstafað án slíkra leyfa penslunum, koksínu og vítissódanum, en vatnsrörin og rörtenglana fékk ákærði Haukur að mestu leyti til húsbýggingar sinnar án slíkra leyfa. Um skips-skrúfuna virðist ekki vera fyllilega upplýst að þessu leyti. Fyrir hinum vörunum fengust fullnægjandi leyfi, og hafa þær verið toll-afgreiddar samkvæmt þeim nema þvottavélarnar 10 og áðurnefnd ein hrærivél. Fyrir vélum þessum eru eigi innflutnings- né gjald-eyrisleyfi, og eru þær geymdar undir innsigli hér í Neskaupstað.

Ekkert er fram komið, sem til þess bendi, að ákærði Guðmundur Helgi hafi selt neitt af framangreindum varningi hærra verði en leyfilegt var, og hefur verðgæzlumaðurinn á Austurlandi vottað, að hann hafi staðreynt, að sumt af varningnum hafi verið selt réttu verði, og enn fremur hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi aldrei

haft ástæðu til að kæra ákærða Guðmund Helga eða verzlunina, sem hann stjórnar, fyrir yfirtroðslur gegn verðlagslöggjöfinni.

Áður er rakið, hvert var andvirði hins selda fisks í hverri hinna fjögurra ferða skipsins. Af andvirði fisksins í fyrstu ferðinni, £ 3.917-8-6, var Landsbankaútibúinu á Eskifirði skilað £ 2.034-15-2. Af andvirði fisksins í annarri ferðinni, £ 3.653-19-4, var sama útibúi skilað £ 1.794-6-7. Af andvirði fisksins í síðari ferðunum tveimur var engum gjaldeyri skilað til bankanna. Þeim brezka gjaldeyri, sem fyrir fiskinn fékkst í öllum ferðunum og eigi var skilað til Landsbankaútibúsins á Eskifirði samkvæmt framansögðu, ráðstafaði ákærði Guðmundur Helgi til kaupa alls framangreinds varnings án tilskilinnna leyfa gjaldeyrisyfirvalda, auk þess sem hann greiddi með honum allan erlendan kostnað við söluferðirnar, hluta af kaupi skips-hafnarinnar og andvirði nokkurra vara, sem eigi er getið í ákæru-skjali, svo sem skipsnauðsynja.

Af ákærða Guðmundar Helga hálfu er því haldið fram, að á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og þá undanfarin ár hafi ekki verið um það sakast af opinberri hálfu, þótt inn væru flutt án tilskilinnna gjaldeyris- og innflutningsleyfa kol og sement með skipum þeim, sem fluttu ísfisk til sölu á erlendan markað. Um þetta atriði hefur gjaldeyriseftirlit bankanna tekið fram, að talið hafi verið eðlilegt, að skip, sem flyttu ísfisk til Bretlands, tækju þungavörufarm til flutnings heim, svo sem kol, salt og sement, og eigi hafi verið talin ástæða til athugasemda af gjaldeyriseftirlitsins hálfu, þótt slíkur farmur væri greiddur af ísfiskspeningum (þ. e. andvirði selds ísfisks í þeirri ferð), enda að sjálfsögðu gengið út frá því, að viðkomandi hefði nauðsynleg leyfi til innflutnings. Um þetta sama efni hefur gjaldeyris- og innflutningsdeild fjárhagsráðs tekið fram, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi verið venja að heimila skipum, sem fluttu ísvarinn fisk á erlendan markað, að flytja kol, salt eða sement hingað til lands í heimleiðinni, enda nauðsyn fyrir slík skip að fá næga þungavöru sem kjölfestu til heimsiglingarinnar. Oftast muni vörur þessar hafa verið greiddar af fiskandvirði, ótalið. Að því er kol og salt varðar, telur gjaldeyris- og innflutningsdeildin, að segja meg, að venja í þessum efnum hafi orðið að eins konar hefð, og því eigi verið um það fengizt, þótt umsóknir um innflutningsleyfi bærust of seint og leyfi þar af leiðandi verið veitt, eftir að varan kom til landsins. Um sement segir deildin, að gegnt hafi nokkuð öðru máli en um kol og salt, enda þar um fjárfestingarvöru að ræða, sem háð var skömmtnun. Í flestum eða öllum tilfellum hafi þó verið heimilað að taka sement í fiskflutningaskipin gegn greiðslu af fiskandvirði, ef kol og salt fengust ekki eða nægar birgðir þeirra vara voru ekki til í heimahöfn skipsins. Meiri áherzla, segir deildin, að lögð hafi verið á fyrirframinnflutningsleyfi fyrir sementi en kolum og salti, er svo stóð á sem nefnt hefur verið, en

ekki telur deildin, að kært muni hafa verið yfir mistökum í því efni.

Með tilliti til þessara umsagna gjaldeyris- og innflutningsyfirvaldanna um venju þá, sem skapast hafði um innflutning kola og sements með fiskflutningaskipum, þykir eigi vera næg ástæða til að gefa ákærða Guðmundi Helga refsiverða sök á innflutningi þessara vara (kola og sements), sem í ákæruskjali greinir, enda þótt hinna lögboðnu skilyrða um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir fram væri eigi gætt, enda voru þær tollafgreiddar, svo sem áður segir, án nokkurra athugasemda um skort fullnægjandi innflutningsheimilda, að því er virðist.

Þá er það viðurkennt af ákærða Guðmundi Helga, að hann lét undir höfuð leggjast að senda gjaldeyriseftirliti bankanna skilagrein um ísfiskssölur skipsins í tveimur síðari söluferðunum. Gerir ákærði þá grein fyrir þessari vanrækslu, að uppgjör umboðsmanns síns í Aberdeen um söluferðir þessar hafi ekki horizt sér, fyrr en rannsókn málsins var hafin, og að hann hafi álitit, að fyrst svo var komið, mundi gjaldeyriseftirlitið annaðhvort krefja sig sérstaklega um þessar skilagreinir eða rannsóknardómarinn krefja sig skýrslna um þær.

Loks er upplýst með skýrslu ákærða Hauks, að hann flutti inn í landið 5 flöskur af víski í fyrstu ferð skipsins án þess að segja tollýfirvöldunum frá þeim, og verður eigi annað séð en að hann hafi flutt þær inn til eigin neyzlu.

Af því, sem nú hefur verið rakið um málavexti, þykir ákærða Guðmundi Helga samkvæmt framansögðu eigi verða gefin refsiverð sök á innflutningi kolanna og sementsins án fyrir fram fenginna gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og ber því að sýkna hann af ákærinni að því leyti. Aðrir liðir ákæruskjalsins gegn báðum hinum ákærðu eru að álitu dómsins á rökum reistir samkvæmt framansögðu, og hafa hinir ákærðu með þar nefndu atferli sínu gerzt brotlegir við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu greinir.

Þykja refsingar þeirra eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Guðmundur Helgi skuli greiða kr. 15.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og að ákærði Haukur skuli greiða kr. 1.500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Í sekt hins síðarnefnda er falið lítragjald hins ólöglega innflutta áfengis samkvæmt 27. gr. áfengislaganna.

Samkvæmt lögum nr. 70/1947, 22. gr., 2. mgr., og 69. gr. hegningarlaganna þykir rétt að gera upptækar ríkissjóði til handa framannefndar 10 þvottavélar og 1 hrærivél, sem ólöglega voru fluttar inn og geymdar eru undir innsigli.

Hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000,00, þannig að ákærði Guðmundur Helgi greiði hann að $\frac{1}{10}$ hlutum, en ákærði Haukur að $\frac{1}{10}$ hluta.

Rannsókn máls þessa hófst 16. maí 1949, og var af umboðsdóm-aranum, sem fór með málið, kveðinn upp í því dómur 18. apríl 1951. Sá dómur var ómerktur í Hæstarétti 6. febrúar 1953 og málinu vísað heim í hérað. Var síðan Valdimar Stefánssyni sakadómara falið mál þetta sem umboðsdómara til rannsóknar og dómsálagningar, og hefur hann kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ármanni Eiríkssyni framkvæmdarstjóra og Karli Pálssyni bæjarfógetaritara.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Helgi Sigfússon greiði kr. 15.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Ólafsson greiði kr. 1.500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 10 þvottavélar og 1 hrærivél skulu vera upp-tækar ríkissjóði til handa.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 3.000,00, greiði Guðmundur Helgi Sigfússon að $\frac{1}{10}$ hlutum, en ákærði Haukur Ólafsson að $\frac{1}{10}$ hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
